

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2001

frá 13. júlí 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB frá 16. nóvember 2000 um viðmiðunarmörk fyrir bensen og kolsýring í andrúmslofti⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi á undan 14. lið (tilskipun ráðsins 80/779/EBE) í III. kafla XX. viðauka við samninginn:

„13d. **32000 L 0069**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB frá 16. nóvember 2000 um viðmiðunarmörk fyrir bensen og kolsýring í andrúmslofti (Stjtíð. EB L 313, 13.12.2000, bls. 12).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 238, 6.9.2001, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 313, 13.12.2000, bls. 12.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.